



## Körfuknattleiksþing 6.-7. maí - Þingboð

Reykjavík, 23 . mars 2011

Til:  
Íþróttá og Ólympíusambands Íslands  
Héraðssambönd og Íþróttabandalög  
Körfuknattleiksfélög

Stjórn Körfuknattleikssambands Íslands boðar með bréfi þessu til þings sambandsins 6.-7. maí næstkomandi. Þingið verður haldið á Mælifelli á Sauðárkróki.

Hér í viðhengi með þingboði má sjá 5. gr laga KKÍ sem varðar boðun þings. Einnig er brot úr 9. gr laga KKÍ er varðar kjör til stjórnar og varastjórnar, en einstaklingar þurfa að tilkynna um framboð með minnst 10 daga fyrirvara.

Lög KKÍ og allar reglugerðir sambandsins má nálgast á heimasíðu KKÍ <http://www.kki.is/>.

Málefni, sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn KKÍ minnst 21 degi fyrir þing.

Nánari dagskrá og kjörbréf verða send út þegar nær dregur þingi.

Fyrir hönd Körfuknattleikssambands Íslands,

Hannes S.Jónsson  
Formaður KKÍ

Friðrik Ingi Rúnarsson  
Framkvæmdastjóri KKÍ

Úr lögum KKÍ

### **5. grein**

Körfuknattleiksþingið fer með æðsta vald á málefnum KKÍ. Þingið sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda KKÍ. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra körfuknattleiksiðkenda og skal miðað við iðkendatölur ÍSÍ árið á undan þannig að fyrir allt að 50 iðkendur koma 2 fulltrúar og síðan 1 fyrir hverja 50 eða brot úr 50 fram yfir það.

Þingið skal halda í maí mánuði annað hvert ár. Stjórn KKÍ skal boða bréflaga til þingsins með minnst sex (6) vikna fyrirvara. Málefni, sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn KKÍ minnst 21 degi fyrir þing. Þá skal stjórn KKÍ kynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt ársskýrslu stjórnar í síðasta lagi einni viku fyrir þing.

Körfuknattleiksþingið er lögmaett, ef löglega hefur verið til þess boðað.

Stjórn KKÍ skal skipa kjörnefnd eigi síðar en tuttugu og einum degi fyrir körfuknattleiksþing og skal nefndin leggja fram tillögur til körfuknattleiksþing um nýja stjórnarmenn eins og lög gera ráð fyrir.

### **úr 9. grein**

....."Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn KKÍ eða varastjórn skulu tilkynna það til stjórnar KKÍ ekki síðar en 10 dögum fyrir ársþing. Berist ekki framboð fyrir þann tíma skal stjórn KKÍ hlutast til um tilnefningu aðila til stjórnarkjörs á ársþingi.".....